



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 29. júní 2017 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson og Magnús B. Jónsson. Inga Rós Sævarsdóttir boðaði forföll þar sem fundarboð hafði misfarist.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fjárhagsyfirlit 1. ársfjórðungur

Fyrir fundinum lágu útkeyrslur úr bókhaldi miðað við fyrstu þrjá mánuði ársins og yfirlit um útsvarstekjur fyrstu fjóra mánuðina. Sveitarstjóri fór yfir helstu niðurstöður og sveitarstjórn ræddi stöðuna almennt.

Málið var til kynningar.

2. Málefni fatlaðra

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi gögn:

- Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra, 12. október 2016.
- Tillaga samráðshópsins um að sveitarstjórnir samþykki samstarfssamning sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks 2017-2019.
- Samstarfssamningur um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk.

Sveitarstjórn samþykkti svohljóðandi bókun:

Sveitarstjórn Skagastrandar staðfestir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi samning með gildistíma 1. janúar 2017 - 31. desember 2019, um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk. Á gildistíma samningsins hefur Sveitarfélagið Skagafjörður fullt umboð sveitarstjórnar Skagastrandar til þess að veita þá þjónustu sem samningurinn fjallar um sem og að taka þær ákvarðanir og setja þær reglur sem framkvæmd verkefnisins kallar á.

3. Erindi frá SSNV

Með bréfi dagsettu 30. maí 2017 óskar framkvæmdastjóri SSNV fyrir hönd stjórnar eftir að sveitarstjórn Skagastrandar taki afstöðu til hvort hún sé meðmælt eða andvíg því að SSNV veiti Skíðadeild Tindastóls styrk að fjárhæð 30 milljónir kr.

Í bréfinu kemur fram að eigið fé samtakanna 31.12.2016 hafi verið 100,5 milljónir kr. Af þeim hafi verið samþykkt að nýta 25 milljónir kr. til markaðs og kynningarmála og skuldbinding vegna áhersluverkefna sé 10 milljónir kr. Laust fé sé því um 65 milljónir kr.

Meðfylgjandi erindinu voru erindi skíðadeildar Tindastóls og gögn um fyrirhugaða uppbyggingu, fjármögnun og rekstur skíðadeildarinnar.

Svohljóðandi bókun var samþykkt:

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir fyrir sitt leyti að styrkurinn verði veittur með þeim fyrirvara að önnur sveitarfélög séu því einnig meðmælt. Í umræðu um málið kom fram að áform eru uppi um að sækja um styrk til SSNV að upphæð 10 milljónir króna vegna uppbyggingar Nes listamiðstöðvar.



4. Ársreikningur Hólaness ehf

Fyrir fundinum lá ársreikningur Hólaness ehf. Ekki komu fram athugasemdir við reikninginn. Málið var til kynningar.

5. Endurreikningur fasteignagjalda

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti endurreikning fasteignagjalda á hesthús sem höfðu verið skilgreind í c-lið sem atvinnuhúsnæði en með lagabreytingu 11. júní 2012 var ákveðið að þau skyldu falla undir a-lið við álagningu fasteignagjalda. Endurreikningurinn náði því til allra slíkra húsa frá 2012-2016. Sveitarstjórn gerði ekki athugasemdir við útreikninginn og samþykkti að eigendum yrði endurgreiddur mismunur álagningar með vöxtum skv. fyrirbyggjandi útreikningum. Endurgreiðsla með vöxtum nemur samtals 1.364.035 kr.

6. Bréf

a) Lánasjóðs sveitarfélaga ehf, dags. 19. apríl 2017

Fyrir fundinum lá bréf Lánasjóðs sveitarfélaga sem tilkynnir um arðgreiðslur til sveitarfélaga. Hlutdeild Sveitarfélagsins Skagastrandar er 1.4 millj. en útgreidd fjárhæð að frádregnum fjármagnstekjuskatti er 1.1 millj. Málið var til kynningar.

b) SSNV, 10. maí 2017

Með bréfinu óskar framkvæmdastjóri SSNV eftir tilnefningu eins fulltrúa í Samgöngu og innviðanefnd SSNV. Tilnefningin byggir á samþykkt 25. ársþings SSNV þar sem stofnun slíkar nefndar var samþykkt. Hlutverk nefndarinnar er að vinna að upplýsingaöflun vegna samgönguáætlunar SSNV með starfsmönnum samtakanna. Samþykkt að skipa Adolf H. Berndsen í nefndina og Halldór G. Ólafsson til vara.

c) Nes listamiðstöðvar, 12. júní 2017

Bréfið er minnisblað undirritað af Hrafnhildi Sigurðardóttur fyrir hönd stjórnar Nes listamiðstöðvar. Í minnisblaðinu er minnt á að listamiðstöðin fagni tíu ára afmæli 2018. Í tilefni af því er óskað eftir samstarfi við sveitarstjórn um að koma upp bættari aðstöðu í formi skrifstofu og sýningarsalar og bent á skemmu sem er áföst vinnustofu miðstöðvarinnar að Fjörubraut 8. Einnig er bent á að stofnun listasafns myndi marka nýtt upphaf á uppbyggingu listastarfsemi á staðnum. Bréfið var til kynningar en samþykkt að koma á fundi með fulltrúum Nes listamiðstöðvar um málið.

7. Fundargerðir:

a. Fræðslunefndar, 15.06.2017

Fundargerðin var samþykkt.

b. Stjórnar Bygðasamlags um menningur og atvinnumál, 9.03.2017

Fundargerðin var til kynningar

c. Stjórnar Norðurár bs, 13. júní 2017

Meðfylgjandi fundargerðinni var boðun á aðalfund Norðurár bs 29. júní 2017.



Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð sveitarfélagsins á fundinum.

- d. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu, 19.06.2017
Fundargerðin var til kynningar.
- e. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 23.05.2017
Fundargerðin var til kynningar.
- f. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 19. 05.2017
Fundargerðin var til kynningar.

8. Önnur mál

- a) Fyrir fundinum lá tillaga Steindór Haraldssonar um
 - i. hækkun á söluverði fasteigna sveitarfélagsins
 - ii. hækkun á leiguverði íbúða sveitarfélagsins
 - iii. að fjórar íbúðir verði settar í opinbera sölumeðferð

Umræður urðu um tillöguna og kom fram að sveitarstjórn samþykkti hækkun húsaleigu um 10% á fundi sínum 12. október sl. Vegna uppsagnarfresta sé sú hækkun ekki komin til fullra framkvæmda. Svohljóðandi bókun var samþykkt:

Sveitarstjórn samþykkir að leiguverð bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði tekið til endurskoðunar við undirbúning og gerð fjárhagsáætlunar 2018. Við frekari sölu íbúða verði söluverð tekið til endurskoðunar.

- b) Oddviti gerði grein fyrir fundi sem hann og sveitarstjóri áttu með sjávarútvegsráðherra um stöðu og horfur byggðakvóta til Skagastrandar á næstu árum.
Málið var til kynningar
- c) Bréf frá Golfklúbbi Skagastrandar, dags. 26. júní 2017
Í bréfinu er greint frá því að klúbburinn sé nú að fjárfesta í nýjum vélum og því sé óskað eftir styrk til kaupanna að upphæð 3 milljónir króna.
Sveitarstjórn samþykkti með þremur samhljóða atkvæðum að veita 2 milljónum til Golfklúbbsins vegna fjárfestinga í vélum. Adolf óskaði bókað að hann tæki ekki afstöðu til málsins.
- d) Bréf sveitarstjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar dags. 26. júní 2017
Með bréfinu er gerð grein fyrir að sveitarfélögin, Sveitarfélagið Skagafjörður og Skagabyggð hafi átt í óformlegum viðræðum um sameiningu sveitarfélaga og hafi nú sammælt um að hefja formlegar viðræður um kosti þess að sameinast. Sveitarfélögum á starfssvæði SSNV sem hafi áhuga á að ræða enn stærri sameiningar við Sveitarfélagið Skagafjörð og Skagabyggð séu boðin velkomin til viðræðna.
Sveitarstjórn ræddi erindi bréfsins. Svohljóðandi bókun var samþykkt:
Sveitarstjórn Skagastrandar telur ástæðu til að sveitarstjórnir í A-Hún ræði erindið sameiginlega og felur sveitarstjóra að undirbúa sameiginlegan fund sveitarstjórna í A-Hún þar sem sameining sveitarfélaga, þar með talin framangreind verði til umfjöllunar.



- e) Umsögn um rekstrarleyfi fyrir kaffihúsið Bjarmanes skv. umsókn 26. júní 2017
Fyrir fundinum lá umsókn Örvars ehf um rekstrarleyfi fyrir kaffihúsið Bjarmanes sem sýslumaður óskar umsagnar sveitarstjórnar um. Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti að leyfið verði veitt.
- f) Vinátta í verki
Sveitarfélaginu hafði borist erind frá landssöfnuninni Vinátta í verki þar sem skorað er á sveitarfélög að veita fjárframlag til landssöfnunar vegna náttúruhamfara 18. júní þegar flóðalda skall á grænlenka þorpinu Nuugattsiaq sem er á samnefndri eyju í Uummannaq-firði. Sveitarstjórn samþykkti að veita 50.000 kr til söfnunarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 10.50

Adolf H. Berndsen

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Magnús B. Jónsson